

ANTIKA EHF. 2015

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í gamla bænum Grindavík

Ómar Smári Ármannsson og Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1 Gamli bærinn í Grindavík.

Forsíðumynd: Járngerðarstaðir

Baksíðumynd:

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is og www.ferlir.is

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer:

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir og Ómar Smári Ármannsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	9
Fornleifaskráningar.....	10
Tilgangur fornleifaskráningar	11
Fornleifaskráning og aðferðir	14
Jarðarnúmer	14
Tegund, hlutverk og heiti.....	15
Staðsetning.....	15
Staðhættir og lýsing	15
Hættumat.....	15
Örnefni í Grindavík	17
Fornleifar	21
Járngerðarstaði [17] og [1000].....	22
Járngerðarstaðir bæjarstæði bústaður [1000]	23
Þústir bæjarstæði [983] [984][985].....	24
Kálgarðar Járngerðarstaðir –[999/1001] og [1008]	25
Túngarðar Járngerðarstaðir [1002/1005/1009/1010/1011/1021/1023/ 1024/1078].	
Tíðahlið [1003] Píkuskarð [1007]	26
Flagghúsið [960].....	28
Skálholtsbúðir heimild um verbúðir (Staðarhús) [962]	28
Álfhóll og álagahóll [964]	29
Garður [965] og tóft – hóll [966].....	30
Garður [967]	30
Garður [968]	Error! Bookmark not defined.
Hleðslur [969].....	30
Sjólýst[1060] heimild um býli, garð [971] og kartöflukofa [970].....	31

Brunnur [972]	32
Húsgrunnur [974]	33
Brunnur [975] og Brunngata [976]	34
Gata [977]	35
Tóft-Suður Gjáhús? [978]	36
Rafnhús bæjarstæði-býli [19/ 979]	37
Járngerðardys öskuhaugur og þjóðsaga [980] GK-017:044	39
Tóft (frá Suður Gjáhúsum) [981]	40
Grunnur (Norður Gjáhús) [982]	40
Vallarhús bæjarstæði-býli [986]	41
Vallarhúsahola brunnur -lind [987]	42
Heimrihola (brunnur - lind) [988]	43
Sölvhóll átrúnaður [989]	44
Hólsbyrgi eyktarmark – byrgi [990]	44
Hólshola (brunnur- lind) [991] GK-017:046	45
Hóll bæjarstæði [1070] og Hólsgarður [992]	45
Kvíhús bæjarstæði [993]	47
Tóft [994]	49
Syðri Rafnshús bæjarhóll [995]?	49
Garður [996]	50
Akurhús bæjarstæði [997] GK-020 Akurhús	50
Garður [998]	52
Tóft [1004]	52
Garður [1005]	53
.....	54
Skjalda býli og útihús (Skjalda) [1006]	54
Tóft - útihús [1012] og Tóft – útihús [1013]	55
Gjá Silfra gjá þjóðsaga [1014]	56
Rétt [1015]	58
Grunnur [1016]	58

Kálgarður-matjurtagarður [1017]	59
Kartöflukofi [1018].....	59
Skipsstígur gata - leið [1019].....	60
Tóftir [1020]	61
Garður [1021].....	Error! Bookmark not defined.
Hestadys (Gæðingaleiði) [1022].....	61
Garður [1023].....	Error! Bookmark not defined.
Garður [1024].....	62
Eiði [1025]	33
Matjurtagarður [1026].....	Error! Bookmark not defined.
Herslugarðar fiski- þurrkagarðar[1029],1030], [1031], [1032],[1033]og [1034].....	63
Tóft - hús [1035].....	64
Kálgarður [1027]	Error! Bookmark not defined.
Kartöflukofi [1037].....	Error! Bookmark not defined.
Kálgarður 1038].....	Error! Bookmark not defined.
Garður eða gerði [1028] Garður [1039] Garður [1040] Garður [1041] Garður [1042] Garður [1044].....	Error! Bookmark not defined.
Varða (innsiglingarvarða)? [1043]	Error! Bookmark not defined.
Álfhóll [1045].....	64
Gömlu Garðhús bæjarstæði [1046].....	65
Hús (gestahús Garðhúsa) [1047].....	Error! Bookmark not defined.
Brunnur [1048]	64
Fornavör [1053] GK-017:015	67
Draugalón [1056].....	67
Sjálfskvíar [1055]	68
Stokkavör [1054].....	68
Suðurvör [1051]	68
Norðurvör [1052].....	69
Staðarvör [961].....	70
Nautagjá þvottastaður [1062]	71

Magnúsargjá þvottastaður [1062]	71
Samantekt og niðurstöður.....	72
Heimildir.....	76
Tímarit.....	77
Árnastofnun-Örnefnasafn	77
Vefsíða	77
Heimildarmenn	Error! Bookmark not defined.

Mynd 1 Gamli bærinn í Grindavík.....	2
Mynd 2 Gamli bærinn	10
Mynd 3 Gamli bærinn	13
Mynd 4 Skráningarform úr Reykjanesgagnagrunninum	14
Mynd 5 Horft yfir Grindavík.....	16
Mynd 6 Járngerðastaðir, uppdráttur gerður árið 2006 á skilti fyrir Grindavíkurbæ. Bætt var við hann aðeins eftir skráninguna 2015. ÓSÁ.....	17
Mynd 7 Yfirlitskort af fornleifum í Járngerðarstaðarhverfi.....	21
Mynd 8 Járngerðarstaðir.....	22
Mynd 9 Járngerðarstaðir. Bjarni Sæmundsson 1890.....	23
Mynd 10 Bæjarstæði [983]	24
Mynd 11 Kálgarður [1001].....	25
Mynd 12 Kálgarður [999]	Error! Bookmark not defined.
Mynd 13 Kálgarður [1008].....	25
Mynd 14 Flagghús.....	28
Mynd 15 Staðarhús [962] verbúðir frá Skálholti	Error! Bookmark not defined.
Mynd 16 Álfhóll [964]	29
Mynd 17 Sjólust mynd í eigu Bókasafns Grindavíkur	Error! Bookmark not defined.
Mynd 18 Garður [971] við Sjólust.....	31
Mynd 19 Kartöflukofi ekki fornleifar	Error! Bookmark not defined.
Mynd 20 Brunnur [972] með akkeri.....	32
Mynd 21 Rafnhús	37
Mynd 22 Vallhúsarhólar bunnur [987].....	42
Mynd 23 Járngerðarstaðarbrunnur - Heimrihola [988]	43
Mynd 24 Skipsstígur norðan við Járngerðarstaði	60

Mynd 25 Skipsstígur þar sem var unnið að vagnavegi.....	60
Mynd 26 Herslugarður [1029].....	63
Mynd 27 Herslugarður [1031].....	63
Mynd 28 Herslugarður [1032].....	63
Mynd 29 Herslugarður [1033] hlaðin hringlaga	63
Mynd 30 Herslugarður [1034].....	63
Mynd 31 Herslugarður [1030].....	63
Mynd 32 Staðarvör [961]	67
Mynd 33 Bakki frá byrjun 20 aldar [1036].....	70

Inngangur

Að beiðni Ármanns Halldórssonar, sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs hjá Grindavíkurbæ, tóku skýrsluhöfundar, Ragnheiður Traustadóttir og Ómar Smári Ármannsson, fornleifafræðingar, að sér fornleifaskráningu á deiliskipulagi í gamla bænum í Grindavík vorið 2015.

Gamli bærinn er hluti af Járngerðarstaðarhverfinu og heyra því flestar fornleifarnar til jarðarinnar Járngerðarstaða en undir henni voru líka skráð smábýli og hjáleigur. Fornleifar á svæðinu eru XXX, þ. á m. bæjarstæði, kálgarðar, útihús, leiðir, túngarðar, varir o.fl.

Allt svæðið var gengið og minjarnar hnitsettar og í ákveðnum tilvikum mældar upp, ljósmyndaðar og þeim lýst.

Ómar Smári hefur áður skráð á þessu svæði og ritað um það á vefsíðuna ferlir.is auk þess sem hann hefur gefið út bækling um sögu Grindavíkur með upplýsingum um skráningarsvæðið og gert uppdrátt og skilti fyrir Grindavíkurbæ um það. Hann hefur á löngum tíma safnað upplýsingum um fornleifar og örnefni í Grindavík og tekið viðtöl og farið á vettvang með staðkunnugum, s.s. Tómasi Þorvaldssyni og Guðjóni Þorlákssyni í Vík. Þessar upplýsingar komu að góðum notum við skráningarvinnuna.

Þá hefur hluti svæðisins áður verið skráður af Agnesi Stefánsdóttur, fornleifafræðingi þá hjá Þjóðminjasafni Íslands vegna vegagerðar árið 2001 og síðar vegna aðalskipulags árið 2002 af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, fornleifafræðingi hjá Fornleifastofnun Íslands. Skráningar þeirra voru hafðar til hliðsjónar og í sumum tilvikum notast við lýsingar þeirra.

Fjöldi minja jókst við yfirferðina 2015 en þess ber að geta að aldursákvæði laga um fornleifar hafa breyst frá því að minjar voru síðast skráðar.

Minjar sem eru 100 ára verða sjálfkrafa fornleifar. Við þessa skráningu voru nokkrar minjar skráðar sem voru við það að verða verndaðar samkvæmt lögum.

Öllum sem með beinum og óbeinum hætti veittu aðstoð við gerð þessarar fornleifaskráningar er þökkun aðstoðin.

Fornleifaskráningar

Eldri skráningar eða rannsóknir á svæðinu. Hluti svæðisins var skráður árið 2001 vegna vegagerðar og árið 2002 var allur Grindavíkurbær skráður vegna aðalskipulagsgerðar. Í neðangreindum ritum má finna þessar skráningar um minjar og sögu á svæðinu, sem og á vefsíðunni www.ferlir.is.

Agnes Stefánsdóttir: Fornleifaskráning. Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur. Rannsóknarskýrslur 2001, Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík, 2001.

Elin Ósk Hreiðarsdóttir: Fornleifaskráning í Grindavík. 1. áfangi. Reykjavík.

Þóra Pétursdóttir, 2002. Fornleifaskráning í Grindavík. 2. áfangi. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Þóra Pétursdóttir, 2004. Fornleifaskráning í Grindavík. 3. áfangi. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Ómar Smári Ármannsson, 2011. Grindavík, sögu- og minjakort. Grindavík. Grindavíkurbær.

Ómar Smári Ármannsson 2012. Grindavíkurvegir, saga og minjar. Samantekt um Grindavíkurvegina og vegagerð frá landnámi til nútíma með megináherslu á fyrsta akveginn er lagður var til Grindavíkur á árunum 1914-1918. Reykjavík.

Nú hefur fyrri skráning verið endurmetin og allt svæðið verið gengið að nýju í þeim tilgangi. Hnitsetningar eru allar á ábyrgð skýrsluhöfunda. Stuðst var við fornleifaskráningu Fornleifastofnunnar og víða notað og vísað í texta þeirra um minjarnar, eru þá vísar í neðanmáli í númerið á fornleifunum sem notast var við til að auðkenna þær í skráningarskýrslunni.



Mynd 2 Gamli bærinn

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágur fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.



Mynd 3 Gamli bærinn

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar eftir heitum jarðanna, s.s. Járngerðarstaðir. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

[illegible]

Mynd 4 Skráningarform úr Reykjanesgagnagrunninum

Jarðarnúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti þeirra t.d. Járngerðarstaðir og tveimur númerum, í fyrsta lagi númeri jarðarinnar samkvæmt jarðatali Johnsen, 17 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið númer innan hverrar jarðar fyrir sig sem eru auðkenni sem minjarnar fá þegar upplýsingar um þær eru slegnar inn í landfræðilegan gagnagrunn Reykjaness sem skýrsluhöfundar hafa hannað. Þessi númer fylgja öll meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum. Ef fornleifar hafa fengið önnur númer við eldri skráningu er þeirra getið sem gömul númer í skránni sem fylgir.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er, eins og venjan er um fornleifaskráningar, lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.d. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Járngerðardys [950], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Reykjaness. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 6 metrar að meðaltali.

Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingarkerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er reynt að greina frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman

að mást í burtu fyrir áhrif loftslags eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.


Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki má t.d nefna Staðarhúsin [962] sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.



Mynd 5 Horft yfir Grindavík

Örnefni í Grindavík

Í og við Járngerðarstaðatorfuna má finna ótal örnefni, sem ýmist tengjast atburðum er eiga að hafa átt sér þar stað fyrrum, ábúendum, átrúnaði eða öðru. Hér á eftir eru talin upp nokkur örnefni. Uppdrættir hafa einnig verið gerðir af vestasta hluta Járngerðarstaðahverfis, þ.e. svæðinu ofan við Stórubót og Gerðavöllum að Stekkhól, mörkum Húsatópta, Hópssvæðinu, Þórkötlustaðanesi og Stað.



Mynd 6 Járngerðarstaðir, uppdráttur gerður árið 2006 á skilti fyrir Grindavíkurbæ. Bætt var við hann aðeins eftir skráninguna 2015. ÓSÁ

Járngerðarstaðahverfi er næst utan við Hóp. Upplýsingar um eftirfarandi örnefni eru frá Þorsteini Bjarnasyni frá Háholti, Ingibjörgu Jónsdóttur kennara, systur hans, Sæmundi Tómassyni frá Járngerðarstöðum, Spítalastíg 3 í Reykjavík, Guðsteini Einarssyni hreppstjóra í Grindavík o.fl. Það var Ari Gíslason sem skráði. Farið var með Guðjóni Þorlákssyni í Vík um svæðið með það fyrir augum að skoða þegar skráð örnefni og til að benda á önnur, óskráð.

Fyrst er það ströndin og fjaran að vestan til austurs. „Næst austan við Stórubót eru klettur sem ganga fram í sjó og heita Vestri-Hestaklettur og Eystri-Hestaklettur. Örnefni þau sem hér hafa

verið talin eru öll í fjörunni en upp frá því er landið bakkar og sléttar hraunklappir. Ofan við Eystri-Hestaklett er svonefnd Engelskalág sem er nú að fyllast upp. Þar var eitt sinn barist við Englendinga. Austur af Eystri klettinum er Hvítisandur og þar næst austur er Stakibakki sem nær fram í kambinn. Hér er kamburinn að vinna á en bakkinn að minnka af sjávangangi. Fram af þessu plássi eru svonefndar Flúðir milli Eystri-Hestakletts og Stakabakka.

Næst við Stakabakka er vík sem heitir Litlabót og nær hún að Lönguklettum. Út úr Litlubót er rás sem heitir Litlubótarrás og liggur í Önnulón í sjó. Austan við rásina er Litlubótarpyttur. Við hann er Pyttsker. Vestarlega í Lönguklettum er Fúlalón. Framar í fjörunni er Sölvalón. (S.T. þekkir ekki Ormalón sem sagt er í Garðhúsafjöru.) Næst Lönguklettum heita Vestri-Þanghóll og Eystri-Þanghóll. Í stórstraumsflóðum fellur að þeim en þeir fara ekki í kaf.

Fram af Þanghólum og milli þeirra eru berar klappir er heita Sjálfkvíar eða Sjálfkvíarklöpp og Sjálfkvíarlón er þar fram af. Milli Sjálfkvíarklappar og Litlubótarrásar er Rafnshúsafjara. Þar höfðu Rafnshús leyfi til að skera þang. Áfram austur eftir er malarkampur. Austan við Eystri-Þanghól er Fornavör. Draugalón er í kvos milli Eystri-Þanghóls og Sjálfkvíarklappar. Það er full pyttur, 3-4 metrar á dýpt sem þang safnaðist í og fúlnaði. Langitangi er austan við Fornuvör niðri í fjöru og kemur ekki upp nema í stórfjöru. Þar var farið í beitifjöru í gamla daga. Upp af Langatanga er Garðhúsafjara en austan við hann er Helgubás. Sumir nefna Langatanga Kvíhúsatanga. (S.T. hefur ekki heyrt um Akurhúsavör.)

Upp af Fornuvör eru leifar eftir Kvíhús niðri á sjávarbakkanum og þar eru Gömlu-Rafnshús um 150 m austar. Akurhús sópaðist af grunni í sjávarflóði 1925 en þá urðu nokkrir bæir að hólma. Kamburinn framan við Kvíhús og Akurhús er kenndur við bæina, Kvíhúsakambur og Akurhúsakambur. Tangi gengur þarna fram sem heitir Akurhúsanef. Vestan við nefið eru fjörunar nefndar Vallarhúsafjara og Akurhúsafjara. Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör sem hét öðru nafni Skökk. Næst austur af er Staðarvör. Þar var uppsátur Skálholtsskipa og síðar útgerðin. Þegar S.T. fékk lóð þarna og gróf niður í kálgarði sínum voru þar fyrir vaðsteinar og brýniskubbar o.fl. í axlardýpt. Kálgarðurinn var við Varir, sem er gegnt Flaggstangarhúsinu.

Þá er komið inn (austur) fyrir hina nýju varnargarða. Þar hefur orðið talsvert rask síðan bryggjan í Járngerðarstaðahverfi var byggð og grafið var inn í Hópið, auk varnargarðanna.

„Næstur er Svartiklettur austan við Staðarvör, upp úr sjó í fjörunni. Þar upp af heitir Svíri, klettahryggur sem aðskilur Hópið frá sjónum. Út af honum kemur vestri garður hafnarinnar. Vegur liggur eftir Svíra fram á bryggjurnar sem eru innan á hafnargarðinum. Á Svíra var hlaðin varða, Svíravarða, en áður bar Svartiklettur þetta nafn. Fram af Svíra gengur Vestri-Rifshaus að mynninu á Hópinu. Hópsós er aðalósinn á Hópinu, líka nefndur Ystiós en einnig voru þar smáósar, Miðós og Barnaós vestastur. Miðós var dýpkaður og gerð innsigling eftir honum inn í Hópið en hinir eru horfnir við uppfyllingu. Þegar ekki var lendandi í vörunum áður fyrr var farið inn í Hóp og lent í Kvíavíki en það hefur nú verið fyllt upp og byggðir tankar á því.

Kvíavíkið var suðvestan við Álfsfit, innan við Svíra. Úr vikinu til vest-suðvesturs vottaði fyrir troðningum um síðustu aldamót sem kallaðir voru Eyrargata. Sagnir voru um að það væri kirkjugata frá Þorkötlustöðum að Stað en þá átti Hóp að hafa verið grasi gróið valllendi. Sagnir voru einnig um að Staður hafi verið í miðri sókn áður fyrr.“ Samnefnd gata lá einnig milli Hrauns og Þorkötlustaða, yfir Slokahraun og með (þá) sendinni ströndinni yfir Þorkötlustaðanesið.

Og þá er horfið aftur að upphafsstað og nú farið ofan strandar. „Nú er að bregða sér aftur á þurrt og koma að Markhól sem fyrr var getið. Fyrir ofan og austan hann er Stórhóll, sem áður er getið. Þar austur með er Hrafnagjá upp af Sandvikinu, en hún liggur til austurs. Stekkjarhólar eru rétt niður við kampinn.

Á Gerðavöllum er allt fullt af gördum. Þeir eru hlaðnir á tvo vegu við vellina og eiga að vera eftir Junkarana en þeir reru til skiptis eftir veðri úr Grindavík og Höfnum (Njarðvíkum) eftir því sem sögurnar segja. Fóru þeir með skipin á milli og hét þar Skipsstígur. Hellurnar eru kallaðar upp af Engelskulág. Grasslakki er milli kamsins og Hella. Hellur eru ávalar og lágar hraunhellur og var þar þurrkað þang á haustin. Upp af Hellum fjær sjó eru Hraunsstekkjarbrunnar sem eru tjarnir. Ganti er klettarani með grasi utan við túnhliðið og Traðirnar voru þar frá bæ vestur úr. Grasbrekka eða bolli er í Ganta sem er hraunhóll sléttur að ofan og er af honum mikið útsýni.“ Suðvestan í Ganta er tóftarbrot, sennilega hlaðið gerði í tengslum við Hraunsstekkin og Hraunsstekkjarbrunna. Við þá er stekkurinn og sést hann enn.

„Hliðið á túngirðingunni að vestan hét Tíðahlið [1003] en þá var grjótgarður kringum túnið allt. Um hliðið var farið þegar farið var til tíða að Stað. Aðeins utan við túngirðinguna sunnar er Píkuskarðsklettur [1007]. Á móti honum innan túngirðingar er Sölvhóll [989] (S.T. þekkir ekki nafnið Sölvaklett.) Hólsbyrgi[990] er grösug hæð utan túns. Þar var hádegi frá Járngerðarstöðum. Það er austan við Litlubót.“ Hólsgarður [992] er heillegur austan í Sölvhól.

„Norður af bæ á Járngerðarstöðum er Vatnsstæði. Suður af bænum er Dalur. Í honum er tjörn sem gætir flóðs og fjöru í. Sunnan við Salinn er Sölvhóllinn. Hann mátti ekki slá því þá sólbrann hann. Upp af Vatnsstæðinu er Einisdalur. Þar vestan við túnið er Einisdalshraun en suður af því eru Hraunsstekkirnir. Niður af Vatnsstæðinu, vestan við gamla heimabæinn, er Bóndastekkatún. Austan við Járngerðarstaði var kot sem hét Langi eins og áður er getið. Túnið milli Járngerðarstaða og Garðhúsa var Langatún. Fyrir framan Garðhús hét Helgavöllur. Næsta spilda niður að dalnum og Vallarhúsum heitir Helmingavöllur. Vestan við Járngerðarstaði, sjávarmegin við Traðir, er Halavöllur. Norðan við Traðirnar meðfram garðinum var Skjölduskák en fjær var Fjósaskák. Drumbar voru norðar að Garðhúsatúni, norðan við Fjósaskák.

Þá skulum við aftur koma að Hópinu þar sem frá var horfið við Svíra. Áfram austur með því er Álfsfit og Krosshúsvikradalur næst bryggjunum. Þá er Rafnshúsafit austan við Krosshúsvikradal og Eystri-Vikradalur er þar fyrir austan. Er þá komið á merki móti Hópi.

Verður nú tekið það sem eftir var af landi jarðarinnar og haldið til heiðarinnar. Skammt fyrir ofan þorpið er gjáin Silfra. Er sagt að í henni sé fólgin kista full af silfurpeningum. Gjá þessi er upp af Vatnsstæðinu.“ Ofan (norðvestan) við Silfru er Nautatún. „Fast við það [Vatnsstæðið] er varða við veginn til Keflavíkur og heitir hún Títublaðavarða. Fleiri gjár eru og hér. Stamphólgjá er ofan við byggð í Járngerðarstaðahverfi. Hún er einnig í Hópslandi að hluta. Svo er Gjáhusagjá í túninu. Upp af Silfru voru Eldvörpin en þau eru nú horfin því herinn sléttaði þau út. Vestur af þeim er Eldborg. Þar upp af er graslendi sem nefnt er Lágafellsheiði. Um hana lá vegurinn til Keflavíkur.”

Kjöthóll sést vel við Dalinn sunnan Járngerðarstaðatorfunnar. Þá sést og vel móta fyrir hinum gamla túngarði Járngerðarstaða er náði frá Nautagjá um Drumba og Langatún yfir að hæð þeirri er Krosshús og fleiri standa á nú. Þar beygði garðurinn til suðausturs og sést móta fyrir honum þar. Gömul gata lá sunnan við Sæból og sést enn í túninu.

„Gæðingadys” [1022] er myndarlegur hóll í Garðhúsatúni, norðan Garðhúsa. Þar dysjaði Einar Jónsson í Garðhúsum gæðinga sína með fullum reiðtygjum „með höfðinglegum hætti”.

Og ekki má gleyma dys Járngerðar [980], sem mun vera undir Verbrautinni gegnt Gömlu-Vík. Sjá má í eitt hornið hennar, skv. upplýsingum Tómasar Þorvaldssonar frá Járngerðarstöðum.¹



Mynd 7 Yfirlitskort af fornleifum í Járngerðarstaðahverfi

¹ <http://www.ferlir.is/?id=3540> og Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði - Örnefnastofnun Íslands

Fornleifar

Járngerðarstaðir [17] og [1000]


125 hdr. 1847, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar. „Selstöðu hefur jörðin og brúkar þar sem heitir Baðsvellir...Hjáleigur: Vallarhús, Lambhús, Kvíhús, Hrafnshús, Akurhús, Gjáhus, Krosshús, Garðhús, Hlaðhús. Búðir til forna: Gullekra (tómthús), Krubba (tómthús) og Litlu Gjáhus.“ JÁM III, 15. 1703: „Heimræði er árið um kríng og lendíng í betra lagi...Engjar öngvar.“ JÁM III, 16. „Jörðin nær frá sjó og upp til fjalls eins og önnur býli hér.“ Ö-Járngerðarstaðir SS, 1. 1803: Hjáleiga: Nyrðra-Garðshorn, 1840: „Eigi er fagurt á Járngerðarstöðum, því þó þar ei sé ýkja illa húsað, þá stendur bærinn og allt hverfi þetta nema Krosshús niður í dæld eða dalverpi, og er þaðan hvergi víðsýnt.- Þýfð hafa tún verið á Járngerðarstöðum, en eru mikið sléttuð í seinni tíð af bóndanum Þórði sál. Einarssyni og þar



Mynd 8 Járngerðarstaðir

núverandi bónda sr. Einari Jónssyni. Hafa og nokkrir hjáleigubændurnir í seinni tíð þessa jarðarbót eftir þeim upp tekið. - Bæði í túninu og utantúns eru djúpar vatnsgjár, í hverjar sjór fellur að í og út; í sumum þeirra er oft veiddur áll, og mætti þó mikið meira veiða, ef atorka væri og rækt við höfð. Það hafa Járngerðarstaðir til landkosta fram yfir Stað og Húsatóttir og meiri en nokkurt annað býli í þessari sókn, að fyrst er þar nóg vatn í gjám þessum handa fénaðinum, og svo í öðrum smá stöðutjörnum, eins og líka þar er grasgefnast utantúns, þó eigi megí hagar heita. Mætti þó halda þar fáum skepnum heima á sumardag, hvað ekki má heita mögulegt á Stað og Húsatóttum.“²

² Landnám Ingólfs III, 137-138. 1847:



Mynd 9 Járngerðarstaðir. Bjarni Sæmundsson 1890.

Hjáleigur Járngerðarstaðar voru : Kvíhús[1046], Rafnshús [19/995], Akurhús[20]/[997], Krosshús[21], Hóll[22]/, Láangi[23], Gjáhús[24], Garðhús[25] og Vallhús[25]/[986]. JJ, 84. Stundum talað um Járngerðarstaðahverfi. Sjóbúðir og tómthús til forna: Gullekra [1071] (tómthús), Krubba [1072] (tómthús) og Litlu Gjáhús[1073].

Járngerðarstaðir bæjarstæði bústaður [1000]

Elsta úttekt bæjarins er af Vesturbænum frá 1882. Þar voru þá baðstofa (8x5,5 al.), göng (4x1,5 al.), bæjardyr (6x2,25 al.), skáli (7x3 al.), eldhús (9x4 al.), búr í norðurenda baðstofu (4x5,5 al.), fjós m. 3 básum, hesthús f. 3 hesta, heyhús (8,5x3 al.), smiðja (7x3 al.), sjómannabúð, fiskhjallur, húsagarður með bæjarrönd (50 fðm), túngarður 160 fðm, traðargarður 85 fðm og kálgarður. Íbúðarhúsið sem nú stendur á Járngerðarstöðum og merkt var inn á túnakort frá 1917 (Vesturbær) var byggt á síðasta áratug 19. aldar. Húsið er nýlega uppgert og byggt hefur verið við það að norðan, austan og vestan. Um er að ræða bárujárnsklætt timburhús með hlöðnum kjallara. Ekki er greinanlegur bæjarhóll á þessum stað.³ 1840: „Tvíbýli er á heimajörðinni og fylgja hverjum parti 5 hjáleigur...”segir í sóknarlýsingu.⁴

³ FSI: GK:17:001

⁴ JJ 1847, 84; Ö-Járngerðarstaðir ath., 6; SSGK, 137 og Saga Grindavíkur II, 57-58.

Þústir bæjarstæði [983]

[984][985]


Í túninu sem kallað er Helgarvöllur austan við Járngerðarstaði eru smáþústir sem gætu verið af bæjarstæðum frá hjáleigum Járngerðarstaðar eða útihúsum. Ekki er kunn staðsetning á öllum hjáleigunum og því gætu þær leynst þarna undir. Túnin hafa öll verið sléttuð í kringum Járngerðastaði.



Mynd 10 Bæjarstæði [983]



Mynd 11 Bæjarstæði [984]



Mynd 12 Bæjarstæði [985]

Kálgarðar Járngerðarstaðir –[999/1001] og [1008]

Inn á túnakort frá 1918 eru merktir kálgarðar beint neðan við (sunnan við) vesturbæ Járngerðarstaða [1000]. Kálgarðurinn [1001] sést enn fast sunnan við Vesturbraut sem liggur fram hjá Járngerðarstöðum og áfram til vesturs. Norðan við gerðið er malbikaður vegur, sunnan við garðinn er Dalur en annars eru sléttuð tún umhverfis. Í kálgarðinum sjást nú leifar af torfi líkt og þar hafi síðar verið byggður kofi en hann er ekki merktur inn á túnakort frá 1918. Norðurveggur gerðisins er horfinn en suðurveggur er vel greinilegur og 45 m á lengd. Austur- og vesturveggir eru ógreinilegri, um 12 m á lengd). Innan kálgarðsins má sjá þústir á 3 stöðum þar sem líklega hafa verið einhverjir kofar. Garðlögin eru grjóthlaðin að utan en gróin að innan. Kálgarður [999] 35 X 16 m að stærð, grjóthlaðið að utan en gróið að innan. Inn á túnakort frá 1918 er sýndur kofi inn í kálgarðinum en hann er ekki lengur sjáanlegur. Suður og austurhlið kálgarðsins eru enn standandi og sömuleiðis syðsti hluti vesturgarðsins. Við gerð bílaplans og vegarins sunnan við Járngerðarstaði skemmdust garðarnir að hluta.⁵ Norðan við Járngerðarstaði er kálgarður [1008] sem er næstum horfinn með lágum grónum veggjum.



Mynd 15 Kálgarður [1001]



Mynd 15 Kálgarður [1008]



Mynd 15 Kálgarður [999]

⁵ FSI:GK-017: 004 og GK-017:43

Túngarðar Járngerðarstaðir [1002/1005/1009/1010/1011/1021/1023/ 1024/1078]. Tíðahlið [1003] Píkuskarð [1007]

Víða um túnin á Járngerðarstöðum má sjá leifar af túngarðinum en hann hefur verið sléttaður á mörgum stöðum. Teknar voru mælingar þar sem hann er greinilegastur. Garðarnir hafa verið sléttaðir út í túninu allvíða. Túngarðinum er sést á Túnakortinu frá 1918.

„Túnhliðið á túngirðingunni að vestan hét Tíðahlið [1003], en þá var grjótgarður kringum túnið allt. Um hliðið var farið, þegar farið var til tíða að Stað.“ (Örn.,4)⁶

Í úttekt frá 7. júní 1882 segir: „Túngarður 160 faðmar og traðargarður 85 faðmar, samtals 245,sem allir eru í falli, ...“ (J.P.P og G.M.H,58).⁷



Mynd af túngörðum



stofnun Íslands.
Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Hlaðhús bæjarstæði – býli [1074]

Ekki er vitað hvar Hlaðhús stóðu og örnefnið nú týnt. Helst er að giska á að húsið hafi verið í námunda við hlað Járngerðarstaða og var hnit tekið þar.⁸ Framan við Járngerðarstaði er nú malbikaður vegur (Vesturbraut) en lengra eru sléttar grasflatir og kálgarðar. Hjáleiga 1703: „...gömul.” JÁM III. Ekki til í jarðatali Johnsens 1847.⁹

Lambhús bæjarstæði - býli [1074]

Ekki er nú vitað hvar Lambhús stóðu og er staðurinn óstaðsetjanlegur.¹⁰ Hjáleiga 1703: „...bygð innan við xx ár.” JÁM III. Ekki til í tali Johnsens 1847.¹¹

Gullekra sjóbúð [1071]

Staðsetning Gullekru er nú óþekkt og staðurinn óstaðsetjanlegur.¹² 1703: „Til forna hafa hjer verið þessar búðir: Gullekra, hefur verið tómthús, búðarleiga var xx álnir.” JÁM III.¹³

Krubba sjóbúð [1072]

Staðsetning Krubbu er nú óþekkt og staðurinn óstaðsetjanlegur.¹⁴ 1703: „Til forna hafa hjer verið þessar búðir:...Krubba. Og svo tomt hús, búðarleiga xx álnir.” JÁM III.¹⁵

Litlu Gjáhús sjóbúð [1073]

Litlu-Gjáhús hafa verið í námunda við bæinn Gamla-Gjácot (024:001). Þarna voru tvö býli, einnig nefnd Syðra- og Nyðra-Gjácot. Bæirnir voru rúmum 20 m austan og (eilítið sunnar) en Vík (087). Um 20 m norðan við Verbraut, þar sem nú standa útihús. Engin ummerki sjást nú um húsið en á svipuðum slóðum og það stóð eru nú nokkur útihús.¹⁶ 1703: „Til forna hafa hjer verið þessar búðir:...Litlu Giahús, hafði grasnyt. Landskyld var 1 álnir.” JÁM III.¹⁷

Nyrðra Garðshorn bæjarstæði – býli [1074]

„Jb. 1803 telur og eyðihjáleigu, Nyrðra Garðshorn, hvernar nú eigi er getið.” JJ. Engar sagnir eru uppi um hvar Nyrðra-Garðshorn¹⁸ stóð og er því ekki hægt að staðsetja býlið.¹⁹

⁸ FSI:GK-017:006

⁹ JÁM III, 19; JJ.

¹⁰ FSI:GK-017:007

¹¹ JÁM III, 17; JJ.

¹² FSI:GK-017:008

¹³ JÁM III, 19.

¹⁴ FSI:GK-017:009

¹⁵ JÁM III, 20.

¹⁶ FSI:GK-017:010

¹⁷ JÁM III, 20.

¹⁸ GK-017:011

¹⁹ JJ 1847, 84.

Flagghúsið [960]

Flagghúsið er eitt elsta hús Grindavíkur, talið vera byggt árið 1890. Í dag er þetta hús upphaf skipulagðrar byggðar í Grindavík, enda öll húsnúmer frá þessu húsi talin. Flagghúsið hefur m.a. verið íbúðarhús, verbúð, samkomustaður, beituskúr, pakkhús, salthús, veiðafærageymsla og netaloft.



Mynd 16 Flagghús

Skálholtsbúðir heimild um verbúðir (Staðarhús) [962]



Mynd 17 Staðarhús [962] verbúðir frá Skálholti

Skálholtsbúðir, verbúðir og birgðageymslur Skálholtsstaðar eiga að hafa staðið hér en nú horfið undir byggingu. Stórgrýtt fjara er neðan sjávangarðs og um 200 m austan við Suðurvör [1051], verbúðirnar voru upp af henni. Engin ummerki sjást um verbúðirnar sem voru upp af henni. Síðari tíma mannvirki hafa máð út allar leifar. Skálholtsbyggingarnar voru upp af

fjörinni þar sem síðar stóð löng bygging, Kreppa. Undir austurenda hennar voru tóftirnar frá Skálholti.²⁰ 1703: „Skip stólsins gánga hjer venjulega iii eða iiiv, og hafa þeir verbúðir fyrir sig, sem stóllinn uppbyggir. En soðningu kaupa skipverjar. Hafa þessi skip stólsins verið so

²⁰ FSI GK-017:129 Skálholtsbúðir heimild um verbúðir

um lángrar stundir, en alt þar til í tíð Mag. Brynjólfs var gefin til heimabóndans undirgift undir þau skip, sem fleiri voru en tvö af stólsins hendi. Og hýsti heimabóndi þá skipshöfn. En í tíð Mag. Brynjólfs var uppbygð önnur staðarins verbúð, sem síðan hefur viðhaldist, og engin undirgift verið frá stólnum lögð til bóndans...Átroðning líður jörðin mikinn af hestum þeirra manna, er róa á stólsins skipum...“ JÁM III. „Innan við Staðarvör tók við malarkampur, sem Staðarhúsakampur nefndist. Þar munu verbúðir Skálholtsstaðar hafa staðið á fyrri tíð. Þar fyrir innan var Svartiklettur ...“ segir í Sögu Grindavíkur I. „Þar var uppsátur Skálholtsbiskups og síðar útgerðin. Þegar S.T. fékk lóð þarna og gróf niður í kálgarði sínum, voru þar fyrir vaðsteinar og brýnskubbar o.fl. í axlardýpt.“, segir í örnefnaskrá AG. „Þegar S.T. fékk lóð þar upp af, svo sem fimmtíu faðma frá sjó, þar hafa þá sjóbúðir verið.“, segir í athugasemdum við örnefnaskrá.²¹

Álfhóll og álagahóll [964]

Álagahóll við fiskverkunarhús Þorbjarnar inn í portinu - er gróinn hraunhóll, varðveittur í horni malbikaðs athafnaplans inni á milli verkunarhúsanna. Segir sagan að útgerðarmaður, löngur áður en hús voru reist þarna, hafi skirrast við ábendingum um að hólnum mætti ekki raska. Gerði hann það, en þó varlega. Þrátt fyrir það féll skömmu síðar á manninn bátur og hann lést. Var það talið til sannindamerkis um álfabyggð í hólnum. Var honum hlíft og byggt í kringum hann.



Mynd 18 Álfhóll [964]

²¹ Ö-Járngerðarstaðir ath., 6; BJ

Garður [965] og tóft – hóll [966]

Grjóthlaðinn garð er að finna á lóðinni við húsið Akur rétt norðan við Garðsveg sem liggur austur – vestur og er tæpir 11 m á lengd, beygir svo norður og er rúmir 5 m, hæð 1 m. Rétt norðan við garðinn er hóll sem virðist manngerður en ekki er hægt að greina neina lögun á honum og hlutverk hans.

Garðar [967]-[968]-og jarðlægar hleðslur [969]

Garður sem er 11,5 m langur og 1 m á hæð liggur austur – vestur á milli húsanna Bjargar og Steinar.



Mynd 20 Garður [965] og tóft [966]



Mynd 19 Garður [968]



Mynd 22 Garður [967]



Mynd 21 Jarðlægar hleðslur [969]

Sjólist[1060] heimild um býli, garð [971] og kartöflukofa [970]

Sjólist er á túnakorti frá 1918. Húsið stóð nálægt gatnamótum Víkurbrautar og Vetrarbrautar þ.e. norðaustan við Víkurbraut og 10 m suðvestan við Garðsbraut, á óræktarbletti milli Víkurbrautar og Garðsbrautar. Ekki sjást merki hússins lengur en garðlag [971] sem hefur legið við það er greinilegt. Það liggur suðvestur-norðaustur að Víkurbraut. Við norðausturenda garðlagsins er lítill, hlaðinn kofi, kartöflugeymsla [970].

Kofinn er nýlegur en garðlagið sem liggur að honum er eldra. Það er um 26 m að lengd, að kofanum. Suðaustan við garðlagið má sjá umrót þar sem húsið sem merkt er inn á túnakort hefur staðið.²²



Mynd 24 Garður [971] við Sjólist



Mynd 23 Kartöflukofi [970]

²² Túnakort 1918 og FSI:G K-017:098.

Brunnur [972]

Brunnur sem er hringlaga og sennilega hlaðin en fyrir hann hefur verið byrgt og ofan á sett akkeri. Hann er inni á lóð Víkurbrautar 10 og um 18 metrum sunnan við íbúðarhúsið.



Mynd 25 Brunnur [972] með akkeri

Eiði [1025] og kálgarður [1026]

Inn á túnakort frá 1918 er merkt hús 15-20 m austan við Gjána og um 90 m suðsuðvestan við kirkjuna. Fast austsuðaustan við 086 og fast sunnan við vegarslóða eru leifar kálgarðs og lítillar tóftar sem hefur verið í námunda við bæinn en ekki sjást ummerki um sjálft býlið. Túnblettur milli Kirkjustígs 7 og Verbrautar.

Kálgarðurinn er víða ógreinilegur, sérstaklega að innan. Hann umlykur svæði sem er alls 57 X 32 m að stærð og tengjast 039. Svæðið skiptist upp í 6 hólf og í því er einn lítill kofi niðurgrafinn (1,5 X 1,5 m að innanmáli).²³

²³ FSI:GK-017-86

Húsgrunnur [974]**Brunnur [975] og brunngata [976] hjá Eiði**

Gata [977]



Mynd 26 Gata heim að Eiði

GK-024 Gjáhús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 18. Enn hjáleiga **1801** og **1847**. JJ, 85.

Gamla-Gjácot heimild um býli

Gjáhús/Gamla-Gjácot var rúmum 20 m austar og (eilítið sunnar) en Vík . Þar er hús merkt inn á túnakort frá 1918. Það hefur staðið inn í kálgarði. Húsið hefur verið um 20 m norðan við Verbraut, þar sem nú standa útihús. Engin ummerki sjást nú um húsið en þarna standa nokkur útihús.²⁴ 1840: „Gjáhús, í landsuður að sjá að heiman; þar er tvíbýli.“ segir í sóknarlýsingu. „Frá Krosshúsum höldum við í suðurátt, að Gjáhúsum, en svo nefndist þriðja hjáleigan í landi Járngerðarstaða. Þar var tvíbýlt alla 19. öld, og nefndust býlin Suður- og Norður-Gjáhús.“ segir í Sögu Grindavíkur II. Hjáleiga 1703: „...bygð um lánan aldur.“ JÁM III.²⁵

²⁴ GK-024:001

²⁵ JÁM III, 18; SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 67.



Tóft-Suður Gjáhús? [978]

Tóftin er 4,8 m og 4,8 m, veggir hæð 40 cm, mjög grónir og erfitt að greina lögun á tóftinni. Sennilega er þetta útihús.



Rafnhús bæjarstæði-býli [19/ 979]

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum - Hrafnshús, byggð á síðustu 40 árum - JÁM III, 19. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 85.

Rafnshús (Hrafnshús) eru merkt inn á túnakort frá 1918. Bæjarheitið Rústir Rafnshúsa sjást enn til móts við Hlið, sunnan við Verbraut. Umhverfis eru sléttuð tún. Bærinn var rifinn að hluta 1920-30 en þá hafði hann nýlega verið endurbættur. Heillegust er suðvestasta tóftin (hólfið) en það stendur uppi að mestu enda hefur það verið hlaðið og múrað upp með sementi á milli grjóthleðslanna. Norðan við þetta hólfið er annað hólfið eða gangur sem liggur eins (4 X 0,8 m) en norðan við það og þvert á það er þriðja hólfið (2 X 3,5 m).²⁶ Austan og vestan við þessi hólfið er greinilegt að hleðslur hafa verið en þær eru nú hrundar og ekki er hægt að greina lögun þeirra.



Mynd 27 Rafnhús

²⁶ FSI:019:001

1840: „Hrafnshús eru á milli Gjáhúsa og Akurhúsa út við túngarðinn.“ segir í sóknarlýsingu. „Hjáleiga með þessu nafni stóð upprunalega niður undir sjávarkambinum á milli Akurhúsa og Kvíhúsa. Þar mæddi sjávargangur á bæjarhúsunum, og voru þau þá flutt, og endurbyggð á milli Akurhúsa og Gjáhúsa.“ segir í Sögu Grindavíkur II. „Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi, t.d. Rafnshús, sem áður stóðu milli Ekurhúsa (Akurhúsa) og Kvíhúsa, eru í seinni tíð flutt þangað, hvar þau nú eru.“ segir í sóknarlýsingu frá 1840.



Járngerðardys öskuhaugur og þjóðsaga [980]

Járngerður ²⁷ „Eitt örnefnið var við sjávangötu, þegar gengið var (til skips, sem kallað var) austur að landingum. Á þá leið gengu sjómenn frá Járngerðarstöðum, Garðhúsum, Vallarhúsum, Velli og Gjáhúsum, nú Vík. Það var lítil mishæð, svo sem um 30 fet á lengd og 10 fet á breidd og svo sem 4 fet á hæð, grasi vaxin. Þetta var kallað Járngerður.“, segir í athugasemdum við örnefnaskrá. „Þar átti að vera grafin sú merkiskona, sem eitt sinn bjó á Járngerðarstöðum, og mátti ekki við leiðinu hreyfa. En nú er það nú samt horfið fyrir nokkru.“, segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Rannsókn í Gullbringusýslu og Kjósarsýslu sumarið 1902 eftir Brynjúlf Jónsson: „Járngerðaleiði hafa menn kallað dálítinn aflangan bala í túninu á Hrafnshúsum í Járngerðarstaðahverfi. Ég lét grafa í þann bala, og reyndist hann gamall öskuhaugur.“ BJ. Balinn var þar sem Verbraut beygir í átt að Vík. Járngerðarleiði undir og við Verbraut, þar sem nú er gatan og grasblettur. Staðurinn er nú horfinn undir veg

²⁷ FSI:GK-017:044

þar sem Vegbraut beygir í átt að Vík. Heimildamaður segir að piltar sem gengu frá Járngerðarstöðum til sjávar hafi ávallt farið fram hjá leiðinu þar sem það var talið boða lukku.²⁸

Tóft frá Suður Gjáhúsum [981] og grunnur Norður Gjáhús [982]



Mynd 28 Tóft [981] lengst til vinstri á mynd



Mynd 29 Grunnur af Norður- Gjáhúsum [982]

²⁸ Ö-Járngerðarstaðir ath., 6; BJ „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902“ Árb. 1903, 46.

Vallarhús bæjarstæði-býli [986]

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 17. Enn hjáleiga **1801** og **1847**. JJ, 85. Oftar nefnd Vallarhús. Inn á túnakort frá 1918 eru Vallarhús merkt. Þau voru um 80 m suðaustan við Járngerðarstaði [1000], norðaustan við Dal [lítill tjörn]. Nú stendur bárujárnskofi og hleðslur fast norðan við þar sem bærinn hefur áður verið. Bærinn hefur staðið þar sem nú eru slétt tún norðan við litla tjörn. Bárujárnskofi stendur þar sem stærstur hluti bæjarins hefur verið áður. Hann hefur þó greinilega náð lengra til norðurs og austurs. Austan við er greinilegt hólf (9 X 9 m að innanmáli) en syðst í því er steypdur kassi.²⁹ Hjáleiga 1703: „Hefur verið um langan aldur.“ JÁM III. 1840: „Vallarhús standa í suðurátt heiman að sjá innan í öllum kotakransinum.“ segir í sóknarlýsingu.³⁰



Mynd 30 Vallarhús [986]

²⁹ FSI: GK-026:001

³⁰ JÁM III, 17; JJ, 85; SSGK, 137.

Vallarhúsahola brunnur -lind [987]

20 m norðvestan við norðvesturhorn kálgarðsins [1001] er Vallarhúsahola sem var brunnur. Þar er vík í Dal (vatninu) og sést greinilega hvar vatnið kemur upp. Staðurinn er um 70 m vestsuðvestan við Vallarhús. Grasivaxinn vatnsbakki. Vatnið kemur upp í hringlaga vík í vatnsbakkanum.³¹ „Nokkur um Dalinn...Þessar „holur“ voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum, og svo Vallarhúsum, sem var þar alveg við.



Mynd 31 Vallhúsarhólar bunnur [987]

Ég veit, að á Járngerðarstöðum voru fyrir og fram að 1900 oft á vertíðum yfir eitt hundrað manns. Vatn þetta var nú samt salt, sögðu sveitamennirnir, aðeins jarðsíaður sjór, og það er mjög líklegt.“, segir í athugasemdum við örnefnaskrá.³²

³¹ FSI:GK-017:045

³² Ö-Járngerðarstaðir ath., 6.

Heimrihola (brunnur - lind) [988]

Brunnur Járngerðarstaða var ýmist nefndur Járngerðarstaðabrunnur eða Hemrihola. Hann var austan við Dalsvatn, nálæga þar sem girðing afmarkar nú land Vallarhúsa (norðan við girðingu).³³ Þarna er vík í vatnsbakkann. Umhverfis er grasi vaxið. „Nokkur um Dalinn...Þessar „holur“ voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum, og svo Vallarhúsum, sem var þar alveg við. Ég veit, að á Járngerðarstöðum voru fyrir og fram að 1900 oft á vertíðum yfir eitt hundrað manns. Vatn þetta var nú samt salt, sögðu sveitamennirnir, aðeins jarðsíaður sjór, og það er mjög líklegt.“, segir í athugasemdum við örnefnaskrá.³⁴



Mynd 32 Járngerðarstaðabrunnur - Heimrihola [988]

³³ FSI: GK-017:047

³⁴ Ö-Járngerðarstaðir ath., 6.

Sölvhóll átrúnaður [989]

Í örnefnaskrá segir sunnan við Salinn er Sölvhóllinn. Hann mátti ekki slá því þá sólbrann hann. Engar leifar um fornleifar á svæðinu.³⁵



Hólsbyrgi eyktarmark – byrgi [990]

Hólsbyrgi var í þyrpingu með Hóli [992]. Vegur og graslendi norðan við. „Hólsbyrgi er grösug hæð utan túns. Þar var hádegi frá Járngerðarstöðum. Það er austan við Litlubót.“, segir í örnefnaskrá AG. „Uppi á hól, sem kallast Hólsbyrgi eða Hádegishóll, norðan við vegarslóða sem liggur þar yfir. Þarna virtist vera lítill tóft. Tóftin er 5 m löng og 4 m breið að utanmáli, hæð veggja 5 - 20 cm. Greinileg grjóthleðsla er í vesturlangvegg, en austurlangveggur og norðurgafi eru aðeins smá þústir. Gólfíð í tóftinni er aðeins lægra en umhverfið sem gerir hana greinilegri. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið byrgið.“³⁶ Guðjón Þorláksson, fæddur 1945, sem búið hefur þarna alla ævi, kannast ekki við að þarna hafi verið hús eða leifar húss.“ segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum.³⁷



Mynd 33 Hólsbyrgi [990]

³⁵ Ö-Járngerðarstaðir AG, 4; AS

³⁶ G-017:030 K

³⁷ Ö-Járngerðarstaðir AG, 4; AS Járngerðarstaðir, 14.

Hólshola (brunnur- lind) [991] GK-017:046

Í Dalsvatni, um 50 m norðan við túngarð var brunnur Hólskots.³⁸ Lítill tangi út í vatnið. Ekki eru greinileg ummerki þess hvar vatnið var tekið úr Dalsvatni. „Nokkur um Dalinn...Þessar „holur“ voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum, og svo Vallarhúsum, sem var þar alveg við. Ég veit, að á Járngerðarstöðum voru fyrir og fram að 1900 oft á vertíðum yfir eitt hundrað manns. Vatn þetta var nú samt salt, sögðu sveitamennirnir, aðeins jarðsíaður sjór, og það er mjög líklegt.“, segir í athugasemdum við örnefnaskrá.³⁹



Mynd 34 Hólshola [991]

Hóll bæjarstæði [1070] og Hólsgarður [992]

Hjáleiga frá Járngerðarstöðum 1801 og 1847. JJ, 85. Þar var búið 1822 en lagðist svo í eyði og byggðist á ný fyrir 1840 og hélst svo fram yfir aldamót - Saga Grindavíkur II, 71.

Inn á túnakort frá 1918 er merkt hús, rúmum 20 m austan við Hólsgarð [993]. Guðjón Þorláksson segist hafa heyrt sagnir um að þarna hafi staðið Hólsbær. Á þessum stað má enn sjá T-laga hleðsluleifar, 8 m norðan við vegarslóða sem þarna liggur um en um 15 m sunnan við girðingu sem girðir af tún norðar. Grasi gróinn blettur milli sléttaðra túna og að vegarslóða. Talsvert er um grjót á víð og dreif á svæðinu sem nokkuð hefur verið raskað, og þar er rusl, timbur og grjót á víð og dreif. Hleðslan er um 17 m að lengd (austur-vestur) en á hana kemur 3-4 m langur stubbur til suðurs um miðbikið. Hleðslurnar eru nokkuð óskýrar á

³⁸ GK-017:046

³⁹ Ö-Járngerðarstaðir ath., 6.

kafla, þær eru úr grjóti en nú hrundar og grónar.”⁴⁰ Í lægð eða laut austan við kálgarðana [992], í dag utan túngirðingar, en miðað við túnakort frá 1918 var tóftin þá innan girðingar, í suðurhorninu á Vallartúni. Ekki eru greinilegar rústir þarna, skrásetjari þóttist þó sjá tvær hleðslur. Önnur frá austri til vesturs, hin frá u.þ.b. miðri þeirri fyrri í suður og mynda þær einskonar T. ... Munnmæli. Guðjón Þorláksson í Vík í Grindavík, segist oft hafa heyrt að þarna hefði verið kot fyrir löngu. Gæti hafa verið ein af þeim hjáleigum sem hafa lagst í eyði vegna sjávargangs (aths. skrásetjara.)“ segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum. Tóftin var talin í mikilli hættu vegna yfirvofandi vegagerðar. 1840: „Hóll, rétt í útsuður út við túngarð.“ segir í örnefnalýsingu.

Hólsgarður [992] „Syðst í svokölluðu Hólstúni, suðaustan við Tjörnina, rétt norðan við vegarslóða. Kálgarður/kartöflugarður með grjóthlöðnum vegg í kring.“ segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum. Útihús er við túngarð 026, rúmum 150 m suðsuðaustur af bænum 001 og beint suður af Vallarhúsum 026:001. Á þessum stað er merkt inn á túnakort frá 1918 útihús með kálgarði í kring. Kálgarðurinn og kofinn inn í honum eru suðaustan við Tjörnina. Gerðið er fast norðan við vegarslóða sem þarna liggur. Gerðið er austan í Sölvhól. Norðaustan við það eru sléttuð tún en sunnan við vegarslóði og hraunlendi.

Í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum segir: „Að innanmáli ca. 26 x 18 m, veggjahæð 0,5 - 1,3 m. Veggur er hlaðinn úr hraungrýti. Í suðausturhorni kálgarðsins er ferhyrnd rúst, sem að sögn heimildamanns (Guðjóns Þorlákssonar f. Vík) er gamall hrútakofi frá Járngerðarstöðum. Fast upp við þennan kálgarð (austan við) er annar kálgarður sem virðist eldri, hann er svipaður að stærð og sá fyrri, hlaðinn úr torfi og grjóti, veggjahæð 0,3 - 0,5 m. Veggir eru greinilegir austan og norðan megin. Vestur veggur er sameiginlegur Hólsgarði, suðurhliðin er ógreinileg, þó má greina smá þúst þar. Aðrar upplýsingar: Guðjón Þorláksson sagði að svæðið allt, kálgarðarnir tveir, hrútakofinn og staðurinn þar sem hann heyrði að kotið hefði legið [sbr. 022:001], hafi ekkert breyst frá því hann man eftir sér. Hólsgarður var enn notaður sem kartöflugarður þegar hann var ungur.“ Rústirnar voru taldar í lítilli hættu vegna yfirvofandi vegagerðar.

Gerðið er tvískipt. Vestari hlutinn er grjóthlaðinn og 16 X 24 m að innanmáli. Í suðausturhorni hans er kofi, 7 X 4 m að utanmáli. Hann er tvískiptur og grjóthlaðinn en

⁴⁰ FSI: GK-022:001

gróinn. Veggjahæð er víðast um 0,8 m. Austan við þennan hluta garðsins er um 8 m skarð áður en hægt er að greina austari hluta garðsins. Hann er um 15 m breidd (auk 8 m sem nú eru horfnir) en um 22 m á lengd, samtals hefur hann því verið 23 X 22 m að stærð. Austari hlutinn er lægri og alveg gróinn.⁴¹



Mynd 35 Hóll bæjarstæði [1079] og Hólsгарður [992]

Kvíhús bæjarstæði [993]

Kvíhús voru hjáleiga frá Járngerðarstöðum, meir en 50 ára gömul segir í Jarðabók Árna Magnússonar. Hún er talin enn sem hjáleiga í Jarðatali Johnsen 1847 og ekki í byggð 1822, en eftir það samfleytt frá 1835.⁴² Í jarðabókinni segir „Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi...Kvíhús standa árlega í miklum voða fyrir sjóaráfalli, og það sama má segja um Ekurhús, nema herrann vilji enn meiri miskunn á

⁴¹ GK:17:003

⁴² Saga Grindavíkur II, 71

gjöra.”⁴³ „Í suður frá heimabænum.” segir í örnefnalýsingu „Upp af Fornuvör [1053] eru leifar eftir Kvílhús niðri á sjávarbakkanum.”, segir í örnefnaskrá AG.

Fornuvör var fast austan við fjárhús sunnan við veg sem liggur með sjávarsíðunni og tengist Seljabót nokkru norðvestar. Stórgrýtt fjara og sjávarkambur upp af henni eru nú á þessum stað. Engar leifar sjást nú um býlið sem var upp af Fornuvör en það gætu verið leifar af því þar sem er búið að slétta túnið.⁴⁴



⁴³ SSG

⁴⁴ FSI: GK-018

Tóft [994]**Syðri Rafnshús bæjarhóll [995]?**



Mynd 36 Túngarður við Rafnshús

Garður [996]

Frá kálgarði við Rafnshús 113 er greinilegt að garðlag hefur legið til austurs. Sléttað hefur verið yfir garðlagið en þó sést greinilega hvar það hefur legið frá kálgarðinum að vegarslóða sem liggur meðfram sjávarbakkanum á. Garðurinn liggur í sléttuðu túni. Þar sem garðurinn sést í sléttuðu túni er hann 60-70 m langur og breiðastur 3 m.

Akurhús bæjarstæði [997]

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 19. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 85. Einnig Ekurhús í heimildum á fyrri hl. 19. aldar.

Akurhús eru merkt inn á túnakort frá 1918, 320-330 m austan við Járngerðarstaði. Húsið stóð sunnan í hól sem er innan túns, skammt sunnan við verbúðir við fiskvinnsluhús. Sléttaður hóll í túni.⁴⁵ 1840: „Akurhús, út við garð, rétt í suðurátt.“ segir í sóknarlýsingu. „Upp af Fornuvör [1053] eru leifar eftir Kvíhús [998] niðri á sjávarbakkanum...Akurhús sópaðist af grunni í sjávarflóði 1925, en þá urðu nokkrir bæir að hólma. Kamburinn framan við Kvíhús og Akurhús er kenndur við bæina...Tangi gengur þarna fram, sem heitir Akurhúsaneft.“, segir í örnefnaskrá AG. Hjáleiga 1703: „...bygð um langan aldur.“ JÁM III „Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi...Kvíhús standa árlega í miklum voða fyrir sjóaráfalli, og það sama má segja um Ekurhús, nema herrann vilji enn meiri miskunn á gjöra.“ segir í sóknarlýsingu.

Eldri Rafnshús [995] voru milli Akurhúsa [997] og Kvíhúsa [993] en engin merki sjást nú um þau. Þar sem þau voru er nú sjávangarður og vegur. Hjáleiga 1703: „bygð innan xl ára” JÁM III „Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi, t.d. Rafnshús, sem áður stóðu milli Ekurhúsa og Kvíhúsa, eru í seinni tíð flutt þangað, hvar þau nú eru.“ segir í sóknarlýsingu frá 1840. - „Hjáleiga með þessu nafni stóð upprunalega niður undir sjávarkambinum á milli Akurhúsa og Kvíhúsa. Þar mæddi sjávangur á bæjarhúsunum, og voru þau þá flutt, og endurbyggð á milli Akurhúsa og Gjáhúsa.“ segir í Sögu Grindavíkur II.



⁴⁵ FSI: GK-020:001

Garður [998]**Tóft [1004]**

Garður [1005]



Skjalda býli og útihús [1006]

Líklegast er að Skjalda hafi verið þar sem seinna var byggt útihús við túngarð. Útihúsið var sambyggt við túngarð vestan við bæinn, norðvestan við heimreið. Húsið var 45-50 m vestan við Vesturbraut. Það var innantúns, við túngarð. Enn má greina hvar húsið hefur staðið þó að sléttað hafi verið yfir það. Útlínur eru um 2 m innan við túngarðinn. Norðan við eru sléttuð tún, sunnan við túngarðinn er gróið hraunsvæði. Svo virðist sem tóftin hafi verið einföld og opin í austur. Á yfirborði túnsins má nú greina 6-7 X 5 m þúst en sunnar hennar er einnig þýft. Norðan við þústina er hæð í túninu til suðurs samhliða túngarði en 2-5 m austar. Virðist hafa verið einhvers konar garður. Yfir þetta alltsaman hefur nú verið sléttað og því erfitt að fullyrða nokkuð um nákvæma lögun.⁴⁶ 1840: „Eyðikotið kallast Skjalda og liggur í útnorður út við túngarðinn.“ segir í sóknarlýsingu.⁴⁷

⁴⁶ GK-017:002

⁴⁷ Túnakort 1918 og SSGK, 137.

Tóft - útihús [1012] og Tóft - útihús [1013]



Gjá Silfra gjá þjóðsaga [1014]

Silfra er norðan við Vatnstæðið og um 350 m norðnorðvestan við Járngerðarstaði. Silfra er mjótt og aflangt vatnstæði, umhverfis hana er grasivaxið sléttlendi.⁴⁸ „...og haldið til heiðarinnar. Skammt fyrir ofan þorpið er gjáin Silfra. Er sagt, að í henni sé fólgin kista full af silfurpeningum.“, segir í örnefnaskrá AG.⁴⁹

⁴⁸ FSI:17: GK-017:033

⁴⁹ Ö-Járngerðarstaðir AG, 5.



Rétt [1015]**Grunnur [1016]**

Steyptur grunnur lengd, 2,2 og 2,2 breidd, hæð 70 cm. Ekki er hlutverk grunnsins þekkt.



Kálgarður-matjurtagarður [1017]

Matjurtargarður, veggirnir eru torfhlaðnir, lengd 15 m, breidd 12 m og hæð veggjar 20 cm.

**Kartöflukofi [1018]**

Skipsstígur gata - leið [1019]

Skipsstígur er gamla þjóðleiðin milli Njarðvíkur og Grindavíkur (Járngerðarstaðahverfis).⁵⁰

Þjóðsagan segir að nafnið Skipsstígur hafi orðið til vegna þess að Junkarar hafi farið stíginn með báta sína milli

(Hafna) Njarðvíkur og Grindavíkur, en eins og mörgum

er kunnugt þá er Junkaragerði ofan við Stórubót í Grindavík. Fór það eftir veðri hverju sinni

hvaðan þeir réru. Aðrir hafa nefnt

að stígurinn dragi nafn sitt af

ferðum manna, sem fóru hann

milli heimilis og skips á tímum

árabátaútgerðarinnar.⁵¹Þegar

Skipsstígur er genginn frá

Njarðvíkur-fitjum til Grindavíkur

má sjá framundan tvo áberandi

hóla í Njarðvíkurheiði. Sá, sem er

nær er Sjónarhóll. Frá honum má

horfa niður að Vogshóli (handan

fyrirum varnargirðingar). Skipsstígurinn liggur vestan þess fyrirnefnda og austan þess síðarnefnda⁵².



Mynd 37 Skipsstígur norðan við Járngerðarstaði



Mynd 38 Skipsstígur þar sem var unnið að vagnavegi

⁵⁰ Örnefnalýsing fyrir Járngerðarstaði

⁵¹ Örnefnalýsing fyrir Járngerðarstaði

⁵² Örnefnalýsing fyrir Járngerðarstaði

Tóftir [1020]**Hestadys (Gæðingaleiði) [1022]**

Gæðingadys er myndarlegur hóll í Garðhúsatúni, norðan Garðhúsa.

Þar dysjaði Einar Jónsson í
Garðhúsum gæðinga sína með
fullum reiðtygjum með
höfðinglegum hætti.⁵³



⁵³ www.ferlir.is/?id=3540



Garður [1024]



Herslugarðar fiski- þurrkgarðar[1029],1030], [1031], [1032],[1033]og [1034]

Á óbyggðu svæði milli Víkurbrautar, Ægisgötu og Garðsvegar er að finna garða sem eru að öllum líkindum garðar til að þurrka fisk á. Þeir eru mjög nálægt þeim lóðum sem fyrirhugað er að byggja á, það eru ekki margir slíkir garðar eftir í gamla bænum og er því æskilegt að reynt verði að forðast rask á þeim. Þess ber þó að geta að þeir eru ekkert sérstaklega vel varðveittir.

**Mynd 39 Herslugarður [1029]****Mynd 44 Herslugarður [1030]****Mynd 40 Herslugarður [1031]****Mynd 42 Herslugarður [1033] hlaðinn hringlaga****Mynd 41 Herslugarður [1032]****Mynd 43 Herslugarður [1034]**

Tóft - hús [1035]

Fast norðan við veginn Seljabót og um 30 m norðan við fiskvinnsluhús í eigu Þorbjarnar er hlaðin tóft á hæð. Norðan og vestan við eru grasflatir í órækt, sunnan við er gata (Seljabót) og fiskvinnsluhús en austan við er malbikað plan. Tóftin er L-laga. Hún virðist nýleg eða nýlega uppbyggð. Hún er 9 X 7 m að stærð og er op á vesturvegg hennar. Í suðausturhorni hennar er hlaðið úr grjóti en steipt á milli. Annars er tóftin að mestu hlaðin úr grjóti sem steipt er á milli, sem nú er mosavaxið.⁵⁴

**Brunnur [1048]**

Hlaðinn brunnur hefur verið byrgður við Miðhús á Túngötu 2, húsið var flutt þangað 1960. Grjóthlaðinn hlaðinn, fylltur; h: 10 cm . Gæti mögulega verið frá 19. öld. Húsið (Miðhús), var flutt þangað um 1960.



⁵⁴ FSI :GK-017:126 tóft



Álfhóll [1045]

Gömlu Garðhús bæjarstæði [1046]




1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 19. Enn hjáleiga **1801** og **1847** - JJ, 85.

Garðhús er merkt inn á túnakort frá 1918, 80-100 m norður af Járngerðarstöðum. Þar stendur enn sama hús og merkt var inn á túnakortið en það var byggt 1914. Húsið er steinsteypt íbúðarhús með kjallara. Það er norðaustan við Vesturbraut, nálega til móts við þar sem Verbraut kemur á hana. Austan við húsið er vegur en annars eru sléttuð tún umhverfis.⁵⁵

1840: „Í austur frá heimabænum.“ segir í sóknarlýsingu. „Hjáleigan Garðhús stóð nokkru austan við heimabæinn á Járngerðarstöðum, lítið eitt norðar en stórhýsið, sem Einar G. Einarsson reisti og enn stendur. Síðasti torfbærinn stóð fram á þessa öld, og var hann notaður

sem verbúð í nokkur ár, eftir að steinhúsið var byggt.“ segir í Sögu Grindavíkur II. Hjáleiga 1703: „...gömul.“ JÁM III. Teikning af bænum frá 1895 er pr. Í Sögu Grindavíkur II, 61.

1879-1883: „Í Garðhúsum var vel hýst og húsakynni stærri en almennt gerðist í þá daga. Þar var stór og rúmgóð bekkbaðstofa ... Austur á hlaðinu stóð timburhús. Þar bjó formaður sjálfur ... Í timburhúsinu var lítil búð, og seldi hann kaffi, sykur, tóbak og brennivín.“ Frásögn Jóns Eiríkssonar pr. í Sögu Grindavíkur II, 169.⁵⁶



Garðhús um 1895. — Teikning Bjarna Sæmundssonar.



Garðhús, byggð 1914. — Ljós. Einar Einarsson.

⁵⁵ FSI: GK-025:001

⁵⁶ JÁM III, 19; SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 62, 169.



Mynd 45 Staðarvör [961]

Fornavör [1053] GK-017:015

Fornavör var fast austan við fjárhús sunnan við veg sem liggur með sjávarsíðunni og tengist götunni Seljabót norðvestar. Stórgrýtt fjara og sjávar kambur upp af henni eru nú á þessum stað.⁵⁷ Ekki sjást merki um hvar landingin hefur verið. „Austan við Eystri-Þanghól er Fornavör.“, segir í örnefnaskrá AG. „... í vörunum tveim, Fornuvör og Stokkavör, mun hafa staðið útvegur fyrr á öldum.“ segir í Sögu Grindavíkur I.⁵⁸

Draugalón [1056]

Draugalón var lón í fjörunni, um 150 m suðaustan við Hólsgarð (003). Draugalón er nú pyttur í fjörunni, afmarkaður af klettakerjum í sjávarmálinu. Pytturinn er enn greinilegur í sjávarmálinu.⁵⁹ „Austan við Eystri-Þanghól er Fornavör [015]. Draugalón er í kvos milli Eystri-Þanghóls og Sjálfskvíarklappar. Það er fúll pyttur, 3-4 metrar á dýpt, sem þang safnaðist í og fúlnaði.“, segir í örnefnaskrá AG.⁶⁰

⁵⁷ FSI: GK-017:015

⁵⁸ Ö-Járngerðarstaðir AG, 2; Saga Grindavíkur I, 35.

⁵⁹ FSI: GK-017:016

⁶⁰ Ö-Járngerðarstaðir AG, 2.

Sjálfskvíar [1055]

Sjálfskvíarklöpp er klöpp í fjöruborðinu við Draugapytt. Á þessum stað er hamar í fjöruborðið, og grýtt fjara upp af, þar norðan við er raskað svæði. Engar kvíar eru lengur á þessum stað.⁶¹ „Fram af Þanghólum og milli þeirra eru berar klappir, er heita Sjálfskvíar eða Sjálfskvíarklöpp, og Sjálfskvíarlón er þar fram af.“, segir í örnefnaskrá AG. „Við klöppina, sem nefnd er Sjálfskvíarklöpp, hafa bændur vafalítið haft fé í kvíum, á meðan enn var fært frá, og er ekki ósennilegt, að nafnið sé þannig til komið, að kletturinn hafi verið notaður sem kvíaveggur og þarna hafi þótt hentugt að króa fé af. Líklegastir til að notfæra sér klöppina með þessum hætti voru bændur á hjáleigunni Kvíhúsum, sem stóð þarna niðurundir kampinum, og við hana er Kvíahúsakampur vitaskuld einnig kenndur.“ segir í Sögu Grindavíkur I.⁶²

Stokkavör [1054]

Stokkavör var næst austan við Suðurvör þar sem sjógarður er nú. Ofar er smágrýtt fjara og enn ofar (eða norðvestar) er sjávarkamburinn og vegur. Engin merki sjást nú um lendinguna.⁶³ „Austan við Akurhúsaneð er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör...“, segir í örnefnaskrá AG. „... í vörunum tveim, Fornuvör 015 og Stokkavör, mun hafa staðið útvegur fyrr á öldum.“ segir í Sögu Grindavíkur I.⁶⁴

Suðurvör [1051]

Suðurvör var þar sem nú er nýr sjógarður að baki handverkshúsi og beitingarskúrum. Nú hefur svæðinu verið umturnað og ekki sést lengur hvar lendingin var.⁶⁵

„Þegar ferðamenn komu með ströndinni að vestan og fyrir Akurhúsaneð, komu þeir fyrst í varirnar í Járngerðarstaðahverfi er hétu Norðurvör og Suðurvör. Í þeim lentu bátar allt til þess, er bryggja var gerð á klöppunum milli varanna seint á 3. áratug þessarar aldar. Þá var tekið að landa afla við bryggjuna, en síðan voru bátarnir settir upp í vörunum sem fyrr. Hélt svo allt til þess, er hafnargerð hófst í Hópinu 1939. Á milli varanna var sker, sem Suðurvararsker hét, og við leiðina inn í varirnar var annað, sem Brúnkolla nefndist. Þar lentu bátar stundum uppi, og þótti ekki sérlega mikil sjómennska. ... Skip Járngerðarstaðabænda reru jafnan úr vörunum

⁶¹ FSI: GK-017:017

⁶² Ö-Járngerðarstaðir AG, 2; Saga Grindavíkur I, 35.

⁶³ FSI:GK-17:018

⁶⁴ Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 35.

⁶⁵ FSI: GK-017:019

tveim ...“ segir í Sögu Grindavíkur I. „Austan við Akurhúsaneð er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör....“, segir í örnefnaskrá AG.⁶⁶

Norðurvör [1052]

Norðurvör var fast austan við Suðurvör, þar sem nú er sjávargarðurinn og steypuleifar hafnar sem byrjað var að byggja en komst aldrei í notkun. Sjóvarnargarður, sem byggður er úr miklum grjóthnullungum, er á þessum stað en engar minjar sjást nú um hvar lendingin var.⁶⁷ „Þegar ferðamenn komu með ströndinni að vestan og fyrir Akurhúsaneð, komu þeir fyrst í varirnar í Járngerðarstaðahverfi er hétu Norðurvör og Suðurvör. Í þeim lentu bátar allt til þess, er bryggja var gerð á klöppunum milli varanna seint á 3. áratug þessarar aldar. Þá var tekið að landa afla við bryggjuna, en síðan voru bátarnir settir upp í vörunum sem fyrr. Hélt svo allt til þess, er hafnargerð hófst í Hópinu 1939. Á milli varanna var sker, sem Suðurvararsker hét, og við leiðina inn í varirnar var annað, sem Brúnkolla nefndist. Þar lentu bátar stundum uppi, og þótti ekki sérlega mikil sjómennska. ... Skip Járngerðarstaðabænda reru jafnan úr vörunum tveim ...“ segir í Sögu Grindavíkur I. „Austan við Akurhúsaneð er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Slökk.“, segir í örnefnaskrá AG.⁶⁸

⁶⁶ Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 36.

⁶⁷ FSI: GK-017:020

⁶⁸ Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 36.



Mynd 46 Bakki frá byrjun 20 aldar [1036]

Staðarvör [961]

Staðarvör er stórgrýtt fjara neðan sjávangarðs og um 200 m austan við Suðurvör, verbúðirnar [962] voru upp af henni. Engin ummerki um lendinguna eru nú greinileg.⁶⁹

Skálholtsbyggingarnar voru upp af fjörunni þar sem síðar stóð löng bygging, Kreppa. Undir austurenda hennar voru tóftirnar frá Skálholti. „Skip Járngerðarstaðabænda reru úr [Norðurvör og Suðurvör], en fyrir innan þær var þriðja vörin og hét Staðarvör. Þaðan reru skip Skálholtsstóls á meðan enn var útræði á vegum stólsins í Grindavík. Dró vörin nafn af Skálholtsstað.“ segir í Sögu Grindavíkur I. 1703: „Skip stólsins gánga hjer venjulega iii eða ii, og hafa þeir verbúðir fyrir sig, sem stóllinn uppbyggir. En soðningu kaupa skipverjar. Hafa þessi skip stólsins verið so um lángrar stundir, en alt þar til í tíð Mag. Brynjólfs var gefin til heimabóndans undirgift undir þau skip, sem fleiri voru en tvö af stólsins hendi. Og hýsti heimabóndi þá skipshöfn. En í tíð Mag. Brynjólfs var uppbygð önnur staðarins verbúð, sem síðan hefur viðhaldist, og engin undirgift verið frá stólnum lögð til bóndans...Átroðning líður jörðin mikinn af hestum þeirra manna, er róa á stólsins skipum...” JÁM III „Austan við Akurhúsaneð er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamli sjór. Næst nefinu var

⁶⁹ FSI: GK-017:021

Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Slökk. Næst austur af er Staðarvör. Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamli sjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Slökk. Næst austur af er Staðarvör.“, segir í örnefnaskrá AG. „Innan við Staðarvör tók við malarkampur, sem Staðarhúsakampur nefndist. Þar munu verbúðir Skálholtsstaðar hafa staðið á fyrri tíð. Þar fyrir innan var Svartiklettur ...“ segir í Sögu Grindavíkur I.⁷⁰

Nautagjá þvottastaður [1062]

Nautagjá liggur frá Vatnstæðinu við norðurjaðar túns, um 100 m norðnorðvestan við Járngerðarstaði.⁷¹ Tún liggur upp að gjánni að norðan, sunnan og austan. Vestan við er Vatnstæðið. „Nautagjá. Hún er í útjaðri á túninu Drumbar og kemur þar í stað girðingar á svo sem 20 faðma lengd.“ „Allt vatn í þvotta og handa kúm var tekið úr Nautagjá, og þar voru líka þvottar þvegnir...Kýr voru fjarska oft reknar til vatns í Nautagjá á vetrum, ef gott var, og þannig látnar bera vatnið sjálfar. Þessi vegalengd mun hafa verið nær eitt hundrað faðmar eftir túninu Drumbar, og gæti hugsast, að nafn gjárinnar væri frá þessu komið í fyrstunni, að nautpeningur var þar oft við drykk.“, segir í athugasemdum við örnefnaskrá.⁷²

Magnúsargjá þvottastaður [1062]

10-15 m norðan við Nautagjá er Magnúsargjá sem liggur eins (austur-vestur) en nær nokkuð styttra til austurs en Nautagjá. Umhverfis er grasi gróið og eru tún austan við. Engin ummerki sjást nú um þvottastaðinn við Magnúsargjá en norðan við eru grjót á víð og dreif við austurenda gjárinnar.⁷³ „Magnúsargjá. Það var í raun og veru sama sprungan [og Nautagjá]. Hún var í sömu stefnu og svo sem 15 faðmar á milli endanna. Allt vatn í þvotta og handa kúm var tekið úr Nautagjá, og þar voru líka þvottar þvegnir, en ull í Magnúsargjá.“, segir í athugasemdum við örnefnaskrá.⁷⁴

⁷⁰ JÁM III; Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 36.

⁷¹ FSI:GK-017:048

⁷² Ö-Járngerðarstaðir ath., 4, 6.

⁷³ FSI:GK-017:049

⁷⁴ Ö-Járngerðarstaðir ath., 6.

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu hafa verið skráðar fornleifar, bæjarhólar, bæjarstæði, brunnar, túngarðar, útihús, kálgarðar, grjótgarðar, kartöflukofar, leiðir, herslugarðar, dysjar, álagastaðir, álfhólar og varir. Fjöldi minja frá fyrri skráningum hefur fjölgað. Heillegar fornleifar á svæðinu eru ekki margar en þar hefur verið mikil uppbygging auk þess sem landbrot á sér stað og má gera ráð fyrir að minjum við sjávarströndina hafi skolað út.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið um aldir. Ný bæjarhús voru oft reist á sama stað og eldri sem hafa skilið eftir sig byggingarefnið, torf og grjót, gólflög og öskuhauga sem hafa hlaðist upp í tímans rás. Bæjarhólar eru með mikilvægustu minjastöðum en þar er að finna upplýsingar um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði. Þar eru líka mestu líkurnar á að finna gripi. Bæjarhólar hafa farið verst þegar uppbygging hófst í landbúnaði á síðustu öld. Á hinu skráða svæði eru ekki margir bæjarhólar eða bæjarstæði sem hafa varðveist. Í flestum tilvikum er búið að raska þeim með nýbyggingu og í einhverjum tilvikum er alveg óþekkt hvar býlin stóðu.

Í flestum tilfellum voru engin merki býlanna greinanleg á yfirborði jarðar:

Hlaðhús [1075], Lambhús [1076], Nyrðra-Garðshorn [1074], Akrahóll [1081], Kvíhús [18/993], Hrafnshús [19], Akurhús [20/997], Krosshús [21], og Gamla-Gjákot (024:001).

Þessir staðir eru ekki skráðar sem fornleifar enda flestum tilvikum byggð í kringum 1918 og á þeim standa nú hús, Vík [1080], Garður [1082], Grund [1084], Vesthús [1085], Bjarg [1086], Efri Grund [1087], Hæðarendi [1088], Hraungerði [1089]. Annars staðar mátti greina þústir, tóftir eða garðlög:

Skjalda [1006], Eyði [1025], Sjólyst [1060], Byggðarendi [1079], Hrafnhús yngri [19], Hóll [22/1070], Vallarhús [26/986] og Langi [23].

Hugsanlega er að finna þrjú bæjarstæði í túninu á Járngerðarstöðum sem ekki er hægt að tengja við bæjarheiti en það væru þá hjáleigur frá Járngerðastöðum [983/984/985]. Greina má í túninu upphækkun á þessum svæðum.

Bæjarstæði Langa [23] var skráð í fyrri skráningu sem ófundið, en að öllum líkindum er það norðan við Járngerðarstaði í túninu sem heitir Langatún en þar eru greinanlegar mannvistarleifar en svæðið hefur verið sléttað. Mikil hætta er þar vegna ábúðar.

Á Járngerðarstöðum [17/1000], Gimli og Hliði standa bárujárnsklædd hús sem hafa nokkurt varðveislugildi og einnig það hús sem merkt er sem Garðhús á túnakorti frá 1918. Það stendur enn og er steinsteypt íbúðarhús.

Bæjarstæði Eiða [1025] og Sjólýstar [1060] eru í mestri hættu en þar eru fyrirhugaðir byggingar. Ef þarf að raska þessum minjum þarf leyfi Minjastofnunar Íslands til sem ákveður með hvaða hætti þarf að bregðast við. Er ljóst að á bæjarstæðum þyrfti að fara fram fornleifarannsókn.

Sjóbúðir og tómthús

Skráðar sjóbúðir og tómthús eru allar horfnar og ekki þekkt staðsetning á nema einum stað en það eru Staðarhús [962]. Sjóbúðirnar og tómthúsin eru ekki lengur í notkun þegar Jarðabók Árna er skrifuð en það eru Gullekra [1071], Krubba [1072] og Litlu Gjáhús [1073].

Brunnar

Á svæðinu voru skráðir sex brunnar og fleiri en í fyrri skráningu. Þeir eru sumir hverjir hlaðnir og hefur verið fyllt í þá. Brunnar á Reykjanesi eru oftast grjóthlaðnir og grafnir djúpt til að komast hjá söltu vatni. Þrjá af þessum brunnum er að finna í landi Járngerðarstaða við vatnið Dal:

Vallarhúsahola [987], Heimrihola [988], Hólshola [991].

Einn brunnanna er við bæjarstæði Eiða [972], einn brunnur grjóthlaðinn [1048] á Túngötu 2, þar sem húsið Miðhús stendur, og annar grjóthlaðinn, byrgður með akkeri, ofan við Víkurbraut 10, [1048]. Þessir brunnar eru í mikilli hættu.

Brunnar hafa verið lítið rannsakaðir hér á landi með fornleifauppgrefti og eru því leifar þeirra mjög mikilvægar. Ef þarf að raska þeim þarf leyfi Minjastofnunar Íslands .

Útihús og tóftir

Útihús er oftast nærri bæjum en eru víða horfin vegna seinni tíma rasks, einkum vegna byggingarframkvæmda og túnasléttunnar. Upplýsingar um yngstu útihúsin er að finna á túnakortum og er þá hægt að staðsetja þau ágætlega eða eftir ábendingum heimamanna. Alls voru skráð 16 útihús, hlutverk þeirra er ekki þekkt. Heillegustu útihúsin eru [1012] og [1013], norðvestur af Járngerðarstöðum, hin tvö [1077] eru í suðaustur af bænum og þústir einar inni í kálgarðinum. Útihús eða kofi [990] er frekar illgreinanlegur og liggur rétt sunnan við vatnið Dal. Þessar minjar eru ekki í hættu vegna deiliskipulagsins en eru taldar í mikilli hættu vegna ábúðar. Minjagildi þeirra er ekki mjög mikið. Skráðar voru tóftir og hleðslur, þar sem hlutverk er ekki alltaf þekkt, undir þessum númerum:

[966], [969], [978], [981],[994],[1004], [1020], [1035]. Það er hugsanlegt að þetta séu leifar af útihúsum. Þær sem eru í hættu og lenda inná lóðum eru: [966], [969], [978] og [981].

Túngarðar

Túngarðar voru skráðir víða auk garðlaga sem eru grjóthlaðin. Túngarðsleifar voru skráðar við Rafnshús, [996/998], og Járngerðastaði, [1002], [1005], [1009], [1010], [1011], [1021], [1023], [1024], [1078]. Garðarnir eru aðeins varðveittir að hluta og oftast orðnir, þeir sem sjást, mjög jarðlægir. Á stórum köflum eru þeir alveg horfnir. Þessar minjar eru ekki í hættu vegna deiliskipulagsins en í mikilli hættu vegna ábúðar enda liggja þeir í túnum sem hafa verið sléttuð. Minjagildi þeirra er ekki mjög mikið vegna þess að heildir hafa ekki varðveist.

Herslugarðar, kálgarðar og garðar

Nokkrir grjóthlaðnir garðar voru skráðir í gamla bænum sem hafa verið notaðir til að þurrka fisk, verið herslugarðar og garðar sem gerðir voru í kringum býlin. Ekki er margt varðveitt í gamla bænum sem minnir á útræði þannig að það er mikilvægt að reyna halda í þessa garða. Þess ber þó að geta að þeir eru ekki sérstaklega vel varðveittir. Síðan voru skráðir kálgarðar sem eru flestir í kringum Járngerðarstaðarbæinn.

Herslugarðar nr. [1029/1030/1031/1032/1033/1034] og garðar nr. [965],[967], [968], [971], [1028], [1039], [1040], [1041], [1042] og [1044] eru í hættu og lenda inná fyrirhuguðum lóðum.

Kálgarðar nr. [999], [1001], [1008], [1017], [1026], [1027], [1038]. Það er aðeins einn kálgarður sem er í hættu [1026] við bæjarstæðið Eiði.

Þjóðtrú, álagablettir og álfabyggð

Á fjórum stöðum er að finna huglægar minjar en það eru Sölvhóll [989], Silfra [1014], álfhóll í porti Þorbjarnar[964] og enn annar álfhóll [1045]. Þessar minjar eru ekki í mikilli hættu og má geta þess að álfhóll í porti Þorbjarnar var ekki raskaður við framkvæmdir sem áttu sér þar stað.

Dysjar

Ekki hafa fundist nein kuml á svæðinu en sögusagnir greina frá Járngerðardys sem Brynjúlfur Jónsson lét grafa í sumarið 1902. Kom þá í ljós öskuhaugur sem hefur væntanlega tilheyrt hjáleigunum þar í kring. Hinsvegar er hestadys í túninu norðan við Járngerðastaði, gæðingadys Einars Einarssonar í Garðhúsum (1872-1954).

Í sjálfu þéttbýlinu er ekki mikið af heillegum minjum. Hlífa ætti þeim minjastöðum sem eftir standa við óþarfa raski.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, 2001. Fornleifaskráning. Rannsóknarskýrslur 2001. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1984. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 2. útgáfa. Hið íslenska fræðafélags, Kaupmannahöfn 1913-17.

Árbók Ferðafélags Íslands. Reykjavík 1984.

Brynjúlfur Jónsson, 1903. Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903, 18. Árg., Reykjavík. Bls. 31-52

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002. Fornleifaskráning í Grindavík. 1. Áfangi. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Íslensk fornrit. (Old Icelandic Literature). I, XIII. Reykjavík 1993.

Íslenskt fornbréfasafn. (III, IV, V. Kaupmannahöfn (Copenhagen)/Reykjavík 1857-1972.

Jón Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölum í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn, 1847.

Jón Þ. Þór, 1994. Saga Grindavíkur I. Frá landnámi til 1800. Grindavík.

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðasdóttir, 1996. Saga Grindavíkur II. 1800-1974. Grindavík.

Magnús Grímsson. Fornminjar um Reykjanessskaga. Landnám Ingólfs. Reykjavík 1935-36. Bls. 243-262.

Ómar Smári Ármannsson, 2011. Grindavík sögu- og minjakort. Grindavík. Grindavíkurbær.

Ómar Smári Ármannsson 2012. Grindavíkurvegir, saga og minjar. Samantekt um Grindavíkurvegina og vegagerð frá landnámi til nútíma með megináherslu á fyrsta akveginn er lagður var til Grindavíkur á árunum 1914-1918. Reykjavík.

Ómar Smári Ármannsson, 2014. Reykjavíkurvegir – saga og minjar. Samantekt um Reykjavíkurvegina og vegagerð frá landnámi til nútíma. Antikva ehf. Reykjavík.

Skúli Magnússon, 1936. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunaritgerð. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess I. Félagið Ingólfur gaf út. Steindórsprent.

Vigfús Guðmundsson, 1927. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. III. Sögurit XVII. Sögufélagið. Reykjavík 1924-1927.

Þóra Pétursdóttir, 2002. Fornleifaskráning í Grindavík. 2. áfangi. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Þóra Pétursdóttir, 2004. Fornleifaskráning í Grindavík. 3. áfangi. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Tímarit

Árnastofnun-Örnefnasafn

Örnefnalýsing Járngerðarstaða 1. *Örnefni í óbyggðinni vestur og norður frá Grindavík.* Örnefnastofnun.

Örnefnalýsing Járngerðarstaða 2. *Járngerðarstaðir.* Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

Örnefnalýsing Járngerðarstaða 3. *Járngerðastaðir. Athugasemdir.* Athugasemdir þessar skráði Sæmundur Tómasson, er hann hafði lesið yfir endurskoðaða örnefnaskrá Járngerðarstaða. Örnefnastofnun.

Örnefnalýsing Járngerðarstaða 4. *Járngerðarstaðir. Athugasemd.* Út athugasemdum við Húsatóftir. Örnefnastofnun.

Vefsíða

Á vefsíðu ferlis.is hefur ýmislegt birst um Grindavík sem hefur nýst við þessa skráningu t.d

<http://www.ferlir.is/?id=4410>

<http://www.ferlir.is/?id=3376>

<http://ferlir.is/?id=3624>